

258. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 13. DESEMBER 2016 KL 9:30

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning.
2. Fjármál
 - a. Fjárhagsáætlun biskupsstofu 2017
 - b. Fjárhagsáætlun Skálholtsstaðar 2017
 - c. Fjárhagsáætlun Tónskóla þjóðkirkjunnar 2017
 - d. Fjárhagsáætlun Kristnisjóðs 2017
 - e. Fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs 2017.
 - f. Fjárhagsáætlun Jöfnunarsjóðs sókna 2017
3. Fasteignir
 - a. Fundargerð kirkjustarfshóps.
 - b. Málefni Löngumýrar í Skagafirði.
4. Vígslubiskupskjör í Skálholti.
5. Önnur mál.

1. FUNDARSETNING

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Mætt voru auk Agnesar M. Sigurðardóttur biskups og forseta kirkjuráðs, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, og Svana Helen Björnsdóttir, Stefán Magnússon tók þátt í hluta fundarins um fjarfundabúnað.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Magnhildur Sigurbjörnsdóttir undir lið 2f og Guðrún Finnbjarnardóttir sem ritaði fundargerð.

2. FJÁRMÁL

- a. Fjárhagsáætlun biskupsstofu 2017
Áætlunin kynnt og samþykkt.
- b. Fjárhagsáætlun Skálholtsstaðar 2017
Áætlunin kynnt. Kirkjuráð ályktar að gera á henni þá breytingu að í stað 6. m.kr. framlags frá Kirkjumálasjóði vegna rektorslauna verði veitt 1 m.kr. almennt framlag en kirkjuráð hefur áður ályktað að ekki sé tímabært að auglýsa stöðu rektors í Skálholti.
- c. Fjárhagsáætlun Tónskóla Þjóðkirkjunnar 2017.
Áætlunin kynnt og samþykkt. Kirkjuráð ályktar að boða skólastjóra og verkefnisstjóra kirkjutónlistar á fund sinn til viðræðna um kirkjutónlistarmál.
- d. Fjárhagsáætlun Kristnisjóðs 2017.
Áætlunin kynnt. Lögð var fram breytingatillaga vegna styrkjaliða sem fallið hafði niður að gera ráð fyrir. Áætlunin samþykkt svo breytt.
- e. Fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs 2017.
Áætlunin kynnt. Gerð er samsvarandi breyting á framlagi til Skálholtsstaðar og gerð var í áætlun Skálholtsstaðar. Framkvæmdastjóra falið að hafa samráð við sálmabókanefnd um tillögu að framlagi vegna útgáfu sálmabókar. Áætlunin samþykkt með fyrirvara um samþykkt á framlagi til sálmabókarútgáfunnar.
- f. Fjárhagsáætlun Jöfnunarsjóðs sókna 2017
Áætlunin kynnt. Kirkjuráð gerði breytingu á úthlutun til nokkurra verkefna. Þær koma fram í fylgiskjali og er heildarúthlutun þá orðin 310.800.000.

Allar áætlanirnar eru samþykktar með fyrirvara um framlög á fjárlögum.
Áætlanirnar eru birtar sem fylgiskjöl með fundargerð þessari.

3. FASTEIGNIR

- a) Fundargerð kirkjustarfshóps.
Fundargerðin lögð fram og kynnt. Tekið fyrir mál Hraungerðis.
Framkvæmdastjóra falið að vinna að framgangi málsins í samráði við lögfræðisvið biskupsstofu. Fundargerðin samþykkt.

- b) Kynnt var málefni Löngumýrar í Skagafirði. Eignin var færð undir Kirkjumálasjóð árið 2014. Sótt er um leyfi eiganda til að reisa sólskála við húsið. Umsóknin samþykkt.

4. VÍGSLUBISKUPSKJÖR Í SKÁLHOLTI

Lagt var til að kjördagur verði ákveðinn á næsta fundi kirkjuráðs. Samþykkt.

5. ÖNNUR MÁL

Önnur mál komu ekki fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:40

Næsti fundur er áætlaður 10. janúar 2017

Agnes M. Sigurðardóttir biskup,
forseti kirkjuráðs.

Oddur Einarsson,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

Séra Elínborg Gísladóttir.

Séra Gísli Jónasson.

Stefán Magnússon.

Svana Helen Björnsdóttir.